FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Kjaramál, réttindi og skyldur á vinnumarkaði
Námsgrein:	Starfsumhverfi og vinnustaðakynning
Viðfangsefni:	réttindi og skyldur á vinnumarkaði
Skammstöfun:	STAR1RV02
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	Í áfanganum er fjallað um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Helstu stéttarfélög og hlutverk þeirra eru kynnt. Jafnframt er farið yfir skattamál og skyldur launþega og vinnuveitenda. Nemendur fá tækifæri til að skrifa kynningarbréf og gera ferilskrá. Áfanginn er liður í að efla réttarvitund nemenda.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • réttindum, ábyrgð og skyldum launþega og vinnuveitenda • hlutverki stéttarfélaga • kjaramálum • skattamálum • að launakjör eru mismunandi eftir starfshlutfalli og ráðningarsamningum • mikilvægi þess að fara út á vinnumarkaðinn að skóla loknum ef það er mögulegt
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nálgast upplýsingar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði • vera meðvitaður um eigin réttindi og skyldur á vinnumarkaði • þekkja viðeigandi hugtök og heiti sem tengjast atvinnuþátttöku og atvinnulífinu • nálgast og lesa launaseðla. • útbúa starfsumsókn, kynningarbréf og ferilskrá
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • geta tekið þátt í umræðum um kjaramál, réttindi og skyldur á vinnustað • þekkja helstu samtök launafólks í eigin starfsumhverfi / nærumhverfi • þekkja hlutverk stéttarfélaga • geta nýtt sér upplýsingar sem koma fram á launaseðli. • sækja um störf sem henta
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.